

Kirkjuþing 2025-2026

12. mál – þskj. 12a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022 með síðari breytingum.

Flm: Elínborg Sturludóttir.

1. gr.

1. málslíður 1. mgr. 6. gr. starfreglnanna orðast svo:

Sóknarnefnd skal skipuð leikmönnum **sem skírðir eru og skráðir eru í Þjóðkirkjuna.**

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar hefur frá öndverðu verið innganga í kirkjuna, þótt hægt sér að skrá sig nú á dögum rafrænt í þjóðkirkjuna í gegnum þjóðskrá. Jesús sjálfur mælti svo fyrir að lærisveinar hans skyldu leggja land undir fót, boða trú og skíra fólk. Skírnin er annað af sakramentum hinnar íslensku Þjóðkirkju og það hlýtur að vera forsenda fyrir því að gegna trúnaðarstörfum í hinn evangelísk-lúthersku þjóðkirkju að vera skírður. Flutningsmaður hyggur að allt til þessa hafi menn gengið út frá því sem vísu að þau sem starfa á vettvangi þjóðkirkjunnar séu ekki einvörðungu skráð í þjóðkirkjuna heldur hafi það jafnframt þótt svo sjálfsagt að það hefur ekki einu sinni þótt ástæða til að taka það fram að þau skyldu vera skírð. Væri það ekki svo væri það sambærilegt við það að einstaklingur sem ekki hefði íslenskan ríkisborgararétt væri kjörgengur til Alþingis.